

Stjórnarfundur FUM var haldinn mánudaginn 18. september 2006 kl. 16:30

Fundarstaður: fundarherbergi viðskipta- og hagfræðideildar á 3. hæð í Odda.

Mætt voru: Amalía Björnsdóttir, Meyvant Þórólfsson og Guðný Guðbjörnsdóttir, sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Kristjana Stella Blöndal og Jóhanna Rósa Arnardóttir. Haft var símsamband við Ragnar F. Ólafsson, vegna 4. dagskrárliðar

Dagskrá: Starfið framundan.

1. **Æskileg námskeið á vegum félagsins á haustmisseri.**
2. **Umræðufundir.**
3. **Tímasetning næstu ráðstefnu, samanber umræðu á síðasta aðalfundi.**
4. **Staðan varðandi tímaritið (RFÓ).**
5. **Önnur mál**

1. **Æskileg námskeið á vegum félagsins á haustmisseri.** Rætt var um mögulegar tímasetningar fyrir námskeiðsdag, og eftirfarandi tillögur komu fram. 28. október, 4. nóvember, 25. nóvember . Okkur líst best á 4. nóvember en munum athuga hvað reynist raunhæft fyrir kennara.

Ákveðið var að finna fólk til að kenna eftirfarandi námskeið, ef næg þátttaka næst:

1. Heimildaleit á netinu, handbækur og fl. fyrir rannsóknir á sviði menntarannsóknna . Mikilvægt að vera í tölvustofu.
2. Fræðileg skrif á ensku. Kröfur tímarita.
3. Nýjungar í word, vinnsla með stór skjöl og fl.
4. End-note námskeið (Forrit til að halda utan um og skrá heimildir).
5. N-Vivo námskeið (Forrit til þ vinna úr eigindlegum rannsóknargögnum)

Þá var rætt um að byrja daginn á umræðum um eða kynningu á erlendum (ISI) fagtímaritum á sviði menntarannsóknna, vægi þeirra og vinnulag við birtingarferli.

Ákveðið var að finna aðila í þessi námskeið við fyrsta tækifæri. Nokkur nöfn voru nefnd, sem Amalía og Guðný ætla að hafa samband við á milli funda.

2. Umræðufundir.

Fram komu 2 hugmyndir, sem ákveðið var að kanna nánar:

1. Fá fulltrúa frá menntamálaráðuneyti til að kynna nýjungar í stefnumörkun og lagabreytingar á sviði menntamála og menntarannsóknna.
2. Hafa fund með kennurum um nýtingu og kynningu á menntarannsóknnum, í framhaldi af fundi félagsins 4. maí s.l.

Að auki mælti Ragnar með að fá Allison Woolf, sem hugsanlegan fyrirlesara á fundi eða ráðstefnu á vegum félagsins. Hún var einnig nefnd á síðasta ári, en komst þá ekki.

3. Tímasetning næstu ráðstefnu,

Rætt var um möguleikana á hafa næstu ráðstefnu Haustmisseri 2007, Vormisseri 2008, eða

Vormisseri 2007. Skv. Lögum félagsins á næsta ráðstefna að vera í nóvember 2007 en á síðasta aðalfundi FUM kom fram tillaga til stjórnar að hafa ráðstefnuna frekar á vormisseri, vegna annarra ráðstefna (KHÍ og Félagsvísindadeildar) á haustin. Málinu frestað til næsta fundar stjórnar.

4. Staðan varðandi tímaritið Ritstjóri (RFÓ) upplýsti símleiðis að nægur fjöldi greina hefði borist, þær væru í ritryningu og því væri stefnt að útkomu tímaritsins á áætlun, þ.e. fyrir áramót

5. Önnur mál

Fleira ekki rætt, fundi slitið 18:30.